

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – desember 2024

Skráð atvinnuleysi í desember var 3,8%

Skráð atvinnuleysi í desember var 3,8% og hækkaði úr 3,7% frá nóvember. Í desember 2023 var atvinnuleysið hins vegar 3,6%.

Að meðaltali voru 7.875 atvinnulausir í desember, 4.571 karl og 3.304 konur. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 271 frá nóvember.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í desember eða 7,2% og hækkaði úr 6,5% frá nóvember.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,3% og 1,9% á Austurlandi.

Alls komu inn 78 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í desember.


Atvinnulausir voru 8.341 í lok desember, 4.787 karlar og 3.554 konur.

Í desember 2024 gaf Vinnumálastofnun út 178 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 160 á höfuðborgarsvæðinu.

Í desember voru 204 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 11 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi verði á bilinu 3,9% til 4,1% í janúar 2025.

Próun atvinnuleysis frá desember 2022 til desember 2024



Atvinnuástand eftir landshlutum


Atvinnuleysi hækkaði alls staðar á landinu frá nóvember en mest á Suðurnesjum þar sem það fór úr 6,5% í 7,2%. Næst mest var atvinnuleysið á höfuðborgarsvæðinu eða 3,9%. Atvinnuleysi var 3,7% á landsbyggðinni í desember og hækkaði úr 3,4% frá nóvember.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,3% og 1,9% á Austurlandi.


Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í nóvember og desember.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í desember.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi var lægra meðal karla en kvenna á þremur svæðum á landinu í desember. Mestur var munurinn á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi karla var 6,9% en atvinnuleysi kvenna 7,6%.

Greining atvinnuleysis

Atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 8.341 í lok desember, 4.787 karlar og 3.554 konur. Fjölgaði atvinnulausum körlum um 238 frá nóvemberlokum en atvinnulausum konum fækkaði um 10.

Alls voru 862 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok desember og fækkaði um níu frá nóvember.

Alls hafði 1.381 atvinnuleitandi verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok desember og fjölgaði um 60 frá nóvember. Í desember 2023 var fjöldi þeirra hins vegar 1.127 og nemur fjölgunin 254 á milli ára.


Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 1.697 í desember síðastliðnum en voru 1.481 í desember 2023.

Atvinnugreinar

Atvinnulausum fjölgaði í flestum atvinnugreinum í desember, mest var fjölgunin í byggingariðnaði.


Atvinnulausum fækkaði lítillega í lok nóvember í fimm atvinnugreinum mest þó í opinberri þjónustu.

Atvinnulausir eftir atvinnugreinum



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 2.074 sem er um 43% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Því næst koma atvinnuleitendur frá Litháen, Rúmeníu og Úkraínu.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok desember 2024



Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur


Atvinnuleyfi

Í desember 2024 gaf Vinnumálastofnun út 178 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 160 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 92 leyfi til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 86 leyfi voru framlengd.


Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í desember, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu námsmannaleyfi eða 57 leyfi. Þá voru gefin út 48 leyfi vegna sérfræðiþekkingar og 38 leyfi vegna skorts á vinnuafli. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í desember voru flest leyfi gefin út vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 37%, 30% vegna þjónustustarfa og 16% vegna starfa verkafólks. Um 17% var í öðrum starfsgreinum.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar


Alls voru 4.837 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok desember og fjölgaði um 294 frá nóvember. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá var 58% í lok desember.



Ný atvinnuleyfi eftir tegund í desember 2024



Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, desember 2024



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 26 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í desember 2024 með samtals 139 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 568 í desember á vegum 17 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 34%, 28% frá Litáen og 20% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa eða um 18% starfsmanna komu frá 11 öðrum ríkjum.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja


Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í desember voru gefin út 233 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 137 einstaklingar, 16 fóru til Slóvakíu og 15 fóru til Spánar. Þá voru gefin út 65 vottorð til viðbótar til 15 annarra ríkja.

Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 78 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í desember. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 45 störf, önnur eru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 71% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 9% á Suðurlandi og 8% á bæði Norðurlandi eystra og Norðurlandi vestra. Þá eru 4% annars staðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í desember 2024



Þátttaka í vinnumarkaðsúræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum og fara af skrá í allt að sex mánuði á ráðningu með styrk. Í desember voru 204 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 11 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 152 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistödlur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.